



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 30/2019

## Ákvörðun um stjórnvaldssekt vegna Tax Free auglýsinga Heimkaupa

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Neytendastofa sendi bréf, dags. 21. júní 2019, til Wedo ehf., rekstraraðila Heimkaupa, þar sem fram kom að stofnunin hafi orðið vör við auglýsingar félagsins um Tax Free afslátt þann 17. júní 2019. Í bréfinu var vísað til ákvörðunar Neytendastofu nr. 13/2018, *Auglýsingar Heimkaupa um Tax Free afslátt*, þar sem Heimkaup var talið hafa brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæðis 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að auglýsa Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins. Í ákvörðunarorðum beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til Heimkaupa að birta prósentuhlutfall afsláttar í öllum Tax Free auglýsingum sínum. Neytendastofa teldi því að auglýsingarnar um Tax Free afslátt þann 17. júní 2019 væru til þess fallnar að brjóta gegn fyrrgreindri ákvörðun Neytendastofu og kæmi því til skoðunar að beita sektarheimild b. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 í málinu.

##### 2.

Svar Heimkaupa barst Neytendastofu með tölvupósti, dags. 12. júlí 2019. Í svarinu kom fram að fyrirtækið hafi gert mistök. Það viti fullvel að geta þurfi prósentuhlutfall afsláttar þegar orðið Tax Free sé notað og leggi það mikla áherslu á að gera það í öllu markaðsefni en hér hafi það hreinlega farist fyrir. Heimkaup biðjist afsökunar á þessu og þakki fyrir áminninguna.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. júlí 2019, var Heimkaupum tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar auglýsingar Heimkaupa um Tax Free afslátt þann 17. júní 2019. Í bréfi stofnunarinnar var vísað til ákvörðunar Neytendastofu nr. 13/2018, þar sem fyrirtækið var talið hafa brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæðis 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að auglýsa Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins. Í bréfinu kom einnig fram að Neytendastofa teldi að til skoðunar kæmi að beita sektum í málinu með vísan til b. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

Í svari Heimkaupa kom fram að um mistök hafi verið að ræða. Fyrirtækið viti fullvel að geta þurfi prósentuhlutfall afsláttar þegar orðið Tax Free sé notað og leggi það mikla áherslu á að gera það í öllu markaðsefni en hér hafi það hreinlega farist fyrir

#### 2.

Í ákvörðun Neytendastofu frá 24. febrúar 2015 og ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2018 var komist að þeirri niðurstöðu að Heimkaup hafi með birtingu auglýsinga um Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 auk ákvæðis 4. gr. reglna nr. 366/2008. Ákvörðunarorð síðarnefndrar ákvörðunar voru svofelld:

*„Wedo ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi, rekstraraðili Heimkaup hefur með birtingu auglýsinga um Tax Free afslátt, án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 4. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.*

*Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Wedo ehf. að birta prósentuhlutfall afsláttar í öllum Tax Free auglýsingum sínum*

*Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Wedo ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“*

Í málinu sem hér er til úrlausnar er óumdeilt að Heimkaup hafi auglýst Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins. Fyrirtækið hefur með þessari háttsemi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 24. febrúar 2015 og ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2018.



### 3.

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b. laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og til þess að tryggja varnaðaráhrif telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til umfangs brotsins, fyrri ákvarðana stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Wedo ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 400.000- (Fjögur hundruð þúsund krónur).

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Wedo ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi, rekstraraðili Heimkaupa, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 24. febrúar 2015 og ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2018, með því að birta auglýsingar um Tax Free afslátt án þess að tilgreina prósentuhlutfall afsláttarins.**

**Með heimild í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Wedo ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (Fjögur hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 24. júlí 2019

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir